

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. febrúar 2016

Efni: Tillaga til þingsályktunar um embætti umboðsmanns aldraðra (14. mál)

Með tillögunni er ályktað að fela félags- og húsnæðismálaráðherra að leggja fyrir árslok fram á Alþingi frumvarp til laga um embætti umboðsmanns aldraðra. Viðskiptaráð leggst gegn samþykkt þingsályktunartillögu þessarar.

Fækka ætti ríkisstofnunum – ekki fjölga þeim

Viðskiptaráð leggst alfarið gegn frekari fjölgun ríkisstofnana. Ísland er örríki í alþjóðlegum samanburði sem leiðir til þess að stofnanir hér á landi eru kostnaðarsamar í rekstri sökum minni stærðarhagkvæmni. Því er sérlega mikilvægt að hið opinbera hérlandis sníði sér stakk eftir vexti og leitist við að fækka rekstrareiningum eftir fremsta megni.

Þrátt fyrir þessa staðreynd starfrækir hið opinbera 182 ríkisstofnanir og nokkur hundruð rekstrareiningar til viðbótar á sveitastjórnarstiginu. Viðskiptaráð hefur lagt fram 30 tillögur að fækkun ríkisstofnana með fjórum tegundum aðgerða: samrekstri, faglegum sameiningum, hreinum sameiningum og aflagningu starfsemi. Gangi tillögurnar eftir væri hægt að fækka ríkisstofnunum um 112 – úr 182 niður í 70. Þannig myndu umtalsverðir fjármunir sparast og þjónusta hins opinbera batna vegna faglegs ávinnings sameininga.¹

¹ Nánari umfjöllun um tillögur Viðskiptaráðs um fækkun ríkisstofnana má nálgast í skoðun ráðsins frá 17. desember 2015 „*Sníðum stakk eftir vexti: 30 tillögur að fækkun ríkisstofnana*“. Slóð: <http://www.vi.is/malefnastarf/utgafa/skodanir/snidum-stakk-eftir-vexti/>

Telji stjórnvöld nauðsynlegt að hið opinbera sinni þeim verkefnum sem embætti umboðsmanns aldraðra er ætlað að inna af hendi telur Viðskiptaráð að þau ættu að heyra undir sameinaða stofnun um borgaraleg réttindi. Viðskiptaráð hefur áður lagt til að nokkrar örstofnanir með nátengd hlutverk á sviði borgaralegra réttinda verði sameinaðar.²

Mynd 1: Sameina ætti örstofnanir sem sinna verkefnum tengdum borgaralegum réttindum. Vilji stjórnvöld sinna verkefnum umboðsmanns aldraðra ættu þau að heyra undir sameinaða stofnun.



Heimild: Viðskiptaráð Íslands

Í dag eru þessar stofnanir afar smáar: starfsmenn eru 4 talsins hjá umboðsmanni barna, 7 hjá Persónuvernd, 4 hjá Fjölmeningarsetri, 7 hjá Jafnréttisstofu og 14 hjá Barnaverndarstofu.³ Svo litlar stofnanir eru illa fallnar til að starfrækja hlutverk sín með fullnægjandi hætti. Sameinuð stofnun gæti hins vegar náð þeirri lágmarksstærð sem er hagkvæm við að sinna þessum verkefnum.

Stjórnvöld eiga ekki að sinna hagsmunagæslu fyrir ákveðna hópa

Samkvæmt tillögunni er hlutverk umboðsmanns aldraðra að gæta réttinda og hagsmuna aldraðra. Það gerir hann m.a. með því að leiðbeina öldruðum um réttindi sín og bregðast við telji hann að brotið sé gegn þeim, gera tillögur um úrbætur á réttarreglum er varða aldraða og hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni aldraðra.

Hér er lagt til að stjórnvöld sinni hagsmunagæslu fyrir afmarkaðan þjóðfélagshóp. Að mati Viðskiptaráðs er óeðlilegt að slík hagsmunagæsla sé fjármögnuð með opinberu fé. Nú þegar eru til ýmis samtök eldri borgara sem sjá um að gæta hagsmuna þeirra gagnvart stjórnvöldum. Þessum verkefnum er því þegar sinnt af einkaaðilum sem fjármagna hagsmunabaráttu sína sjálfir. Engin ástæða er til að víkja frá því fyrirkomulagi.

Við þetta má bæta að hlutverk umboðsmanns Alþingis er að gæta þess að stjórnvöld virði rétt einstaklinga og samtaka þeirra.⁴ Stjórnvöld gæta því nú þegar réttinda einstaklinga – þar með talið aldraðra – með almennum hætti í gegnum það embætti. Frekari aðkoma af hálfu hins opinbera er óþörf.


² Tillagan byggir á eftirfarandi tillögu hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar: „49. Komið verði á fót stofnun borgaralegra réttinda með sameiningu Fjölmeningarseturs, Jafnréttisstofu, réttindagæslu fatlaðs fólks, Persónuverndar og umboðsmanns barna. Jafnframt verði skoðað hvort úrskurðanefnd um upplýsingamál ætti að vera hluti þessarar stofnunar [...]“ Viðskiptaráð telur að Barnaverndarstofa eigi jafnframt að vera hluti af sameinaðri stofnun.

³ Miðað við upplýsingar af vefsíðum viðkomandi stofnana þann 10. desember 2015

⁴ Sjá reglur nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis

Viðskiptaráð leggur til að þingsályktunartillagan nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Björn Brynjúlfur Björnsson
Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands